

Fundur Ungmennaráðs Hafnarfjarðar

**41. fundur, haldinn í Gamla bókasafninu, Mjósundi 10. Miðvikudaginn 12. desember 2012
kl. 17:00**

Fundinn sátu: Valgerður Fjölnisdóttir, Jóhanna Margrét Sigurðardóttir, Jón Foss Guðmundsson, Ólöf Andrea Antonsdóttir, Þórdís Dröfn Andresdóttir, Elín Lára Baldursdóttir, Sverrir Þrastarson, Yngvi Freyr Óskarsson og Christine Mae Velasco

Afboðuðu: Kristbjörg Víðisdóttir, Elísa Guðjónsdóttir, Arnór Björnsson, Páll Herbert Jóhannsson, Jóhanna Kristín Ástþórsdóttir, Regína Ósk Garðarsdóttir, Daði Snær Ingason, Einar Baldvin Þórðarson og Brynhildur Ýr Jónsdóttir

Fundargerð ritaði: María Birna Jónsdóttir, starfsmaður Ungmennaráðs

Dagskrá:

1. Fundarstjóri

Samþykkt að Elín Lára Baldursdóttir sjái um undirbúning og stýri næsta fundi sem verður 9. janúar 2013

2. Jólafrí Ungmennaráðs

Ungmennaráð mun ekki funda á milli jóla og nýárs. Fyrsti fundur verður 9. janúar á nýju ári og þá væntanlega á „nýja staðnum“ í Setbergshverfinu

3. ÍTH nefndin

Valgerður Fjölnisdóttir sagði frá því helsta á síðasta ÍTH fundi. Áhugaverð rannsókn þar sem fram kom að stelpur á aldrinum 12-16 ára eru duglegar að stunda íþróttir í Hafnarfirði miðað við á landsvísu. Fyrirhugaður fundur þar sem valið verður meðal annars íþróttamann ársins. Annars má sjá fundargerð ÍTH nefndarinnar á netinu og hvetur Valgerður fulltrúa til þess að skoða fundargerðir.

4. Önnur mál

Af hverju er ekki komin snjór?

Auglýsingar á íþróttamannvirkjum bæjarins. Actavis auglýsir verkjalyf, er rétt að vera auglýsa þar sem börn og ungmenni eru að iðka íþróttir?